

Sp.

6. Tillaga til þingsályktunar

[6. mál]

um öryggismál Íslands.

Flm.: Benedikt Gröndal, Eggert G. Þorsteinsson, Gylfi Þ. Gíslason,
Jón Árm. Héðinsson, Pétur Pétursson, Stefán Gunnlaugsson.

Þar eð tæknibreytingar síðustu ára hafa valdið því, að hernaðarleg þýðing Íslands felst nú að langmestu leyti í eftirliti með siglingum í og á hafinu milli Grænlands, Íslands og Færeyja, ályktar Alþingi að fela ríkisstjórninni:

- 1) að láta rannsaka, hvort Ísland geti verið óvopnuð eftirlitsstöð í sambandi við það öryggisbandalag, sem landið er aðili að, en síðar meir á vegum Sameinuðu þjóðanna, og
- 2) að rannsaka, hvort Íslendingar geti með fjárhagslegri þátttöku bandalagsins komið upp sveit fullkominna, en óvopnaðra eftirlitsflugvéla, svo og nauðsynlegum björgunarflugvélum, og tekið við þessum þýðingarmesta hluta af verkefni varnarliðsins og stjórn varnarsvæðanna.

G r e i n a r g e r ð .

Þingmenn Alþýðuflokksins fluttu tillögu þessa á síðasta þingi. Hlaut hún vinsamlegar undirtektir og var vísað til utanríkismálanefndar, en hlaut þó ekki lokaafgreiðslu. Þar eð öryggismál þjóðarinnar verða mjög í sviðsljósi á þessu þingi, hefur þótt rétt að endurflytja tillöguna til þess að vekja enn athygli á þeim hugmyndum, sem í henni felast.

Tillögunni fylgdi svofelld greinargerð:

„Þingsályktunartillaga þessi er flutt í framhaldi af ályktun um öryggismál Íslands, sem 34. þing Alþýðuflokksins gerði 22. október 1972. Er hún frábrugðin ályktunum fyrri flokksþinga, enda þótt meginstefna Alþýðuflokksins á þessu sviði sé óbreytt. Ályktun flokksþingsins var á þessa lund:

„Tæknibreytingar síðustu ára hafa valdið því, að hernaðarleg þýðing Íslands felst nú að langmestu leyti í eftirliti með siglingum í og á hafinu milli Grænlands, Íslands og Færeyja, en um þessi sund fara kjarnorkukafbátar risaveldanna. Öryggi Íslands hefur verið og mun verða best tryggt með aðild að varnarsamtökum, en vopnað varnarlið hefur verið hér aðallega til eftirlits og aðvörunar.

Þessar breytingar valda því, að rannsaka þarf, hvort Ísland geti verið óvopnuð eftirlitsstöð í sambandi við öryggisbandalag það, sem landið hverju sinni er aðili að, en síðar meir á vegum Sameinuðu þjóðanna.

Rannsaka verður, hvort Íslendingar geti með fjárhagslegri þátttöku bandalagsins komið upp sveit fullkominna, en óvopnaðra eftirlitsflugvéla, svo og nauðsynlegum björgunarflugvélum, og tekið við þessum þýðingarmesta hluta af verkefni varnarliðsins og stjórn varnarsvæðanna.

Slík lausn væri skynsamleg miðlun milli þeirra sjónarmiða, að varnarliðið geti horfið úr landinu, án þess að eitthvað komi í þess stað, og hins, að varnarliðið hljóti að dveljast í landinu um ófyrirsjáanlega framtíð.“

Þróun varnarmálanna.

Þegar Atlantshafsbandalagið var stofnað 1949, byggðist það á þeirri hugmynd, að yrði eitt þátttökuríkja fyrir árás, væru hin skuldbundin til að koma því til hjálpar. Þetta var hefðbundið form varnarbandalaga, og mörg slík komu til framkvæmda 1914 og 1939.

Í þessum anda ræddu forgöngumenn bandalagsins við fulltrúa Íslendinga og veittu þeim fyrirheit um, að varnarliðs yrði ekki þörf á Íslandi á friðartímum. Þeir

töldu, að brytist ófriður út, mundi nægja sams konar aðstaða og Bandamenn höfðu haft hér á landi í síðustu styrjöld.

Fljótlega heyrðust raddir um, að þessi gamla bandalagshugmynd væri úrelt, þar sem nútíma hertækni mundi ekki veita ríkjum svigrúm til að fara hvert öðru til hjálpar, ef til árásar kæmi. Þetta sannaðist áþreifanlega í Kóreustyrjöldinni, og var þá tekið til að gerbreyta eðli Atlantshafsbandalagsins. Komið var á fót sameiginlegu varnarkerfi og herstjórn, sem átti að vera við öllu búin, og sendur her til Grænlands, Íslands og Azoreyja.

Þegar skoðuð er þessi þróun mála, verður ljóst, að vegna breyttra aðstæðna er ekki raunhæft að krefjast þess, að Atlantshafsbandalagið standi við þau fyrirheit, sem gefin voru 1949. Íslendingar verða að meta öryggismál sín sjálfir eftir aðstæðum um hverju sinni og móta sér stefnu eftir þeim, eins og raunar hefur verið gert.

Varnarliðið, sem kom til Íslands vorið 1951, var skipað um 5 000 mönnum úr landher og flugher Bandaríkjanna. Reistar voru fjórar ratsjárstöðvar á landshornum og komið fyrir sveit orrustuflugvéla á Keflavíkurflugvelli. Deildir landhersins voru vopnaðar til að verja landið gegn hugsanlegri innrás og höguðu sér samkvæmt því í tíðum skotæfingum.

Augljóst er, að þessi varnarskipan var ekki fyrir Ísland eitt, heldur hluti af keðju stöðva, hinni svonefnd Dew-línu, frá Alaska, yfir norðanvert Kanada, Grænland, Ísland, Færeyjar og til Bretlands. Þetta varnarkerfi byggðist á þeirri skoðun, að nýr ófriður kynni að brjótast út á þann hátt, að flugvélar og flugskeyti með kjarnorkuvopn kæmu svifandi yfir norðurhvel í átt til Bandaríkjanna.

Þessar hugmyndir voru ríkjandi á árum kalda stríðsins og viðbúnaði hagað eftir því með þeirri tækni, sem þá var til fullkomnust. Um 1960 tóku viðhorf að breytast. Kafbátar búnir kjarnorkuflugskeytum komu til sögunnar, og það var ljóst, að þrátefli kjarnorkuvopna gæti haldist lengi, en búast mætti við, að annað valdatafl héldi áfram.

Sumarið 1961 var gerð mikil breyting á varnarliðinu. Landherinn var kallaður heim, en í hans stað voru eftirlitsflugsveitir bandaríska flotans fluttar frá Nýfundnalandi til Íslands. Flotaforingjar tóku við stjórn varnarliðsins af flugforingjum. Fækkað var í liðinu úr 5 000 í rúm 3 000, og ratsjárstöðvar urðu aðeins tvær. Vopnaðurur í Keflavík minnkaði til muna, en meginstarf varnarliðsins varð eftirlitsflug um sundin milli Grænlands, Íslands og Færeyja.

Þýðing Íslands nú á tímum.

Í margar aldir hafa Engilsaxar, fyrst Bretar, en síðan Bandaríkjamenn, haft alger yferráð á Atlantshafi og raunar öllum höfum. Þetta hefur haft víðtæk áhrif á mannkynssöguna, þar á meðal örlög Íslendinga.

Á síðustu árum hafa Sovétrikin ráðist í stórfellda uppbyggingu Rauða flotans. Sovésku herskipin eru af nær öllum gerðum og hin fullkomnustu. Þau sigla í vaxandi fjölda um heimsins höf og sýna fána sinn í höfnum allra meginlanda.

Rauði flotinn skiptist í fjóra hluta, og hefur hinn stærsti og öflugasti þeirra, Norðurflotinn, heimkynni í höfnum á Kolaskaga. Þessi floti hefur stækkað og umsvif hans aukist með hverju ári.

Breska stofnunin „The International Institute for Strategic Studies“ segir í yfirliti um hermál árið 1971, að hlutverk sovéska flotans á Noregshafi (milli Grænlands, Íslands, Noregs og Svalbarða) sé eftirfarandi: (1) Að vinna gegn Polaris- og Poseidonkjarnorkukafbátum Bandaríkjanna; (2) Að stöðva bandarísk flugvélamóðurskip á þessu svæði, áður en þau gætu gert árás; (3) Að tryggja sovésk yferráð á þessu hafi; (4) Að tryggja sovéskum kjarnorkukafbátum leið suður í Atlantshaf að ströndum Bandaríkjanna; (5) Að rjúfa samgönguleiðir og siglingar Atlantshafsbandalagsins; (6) Að veita flotastyrk við sovéskar hernaðaraðgerðir á landi á þessu svæði; (7) Að sýna sovéskt vald og draga úr trú á ábyrgð Atlantshafsbandalagsins á öryggi aðildarríkja þess í Norður-Evrópu (Noregs, Danmerkur og Íslands).

Norskir sérfræðingar við utanríkismálastofnunina í Osló hafa komist að þeirri niðurstöðu, að Sovétríkin telji nú tvímælaust, að framvarnarlína þeirra á Norður-Atlantshafi sé milli Íslands og Færeyja. Þeir segja: „Varnarlína svo frammarlega með Noreg að baki gefur til kynna, að Rússar í flotaáðgerðum sínum líti í vaxandi mæli svo á, að Noregshaf sé Mare Sovjeticum.“

Áðurnefnd stofnun í London kemst að svipaðri niðurstöðu, en dregur þessa viðbótarályktun: „Á sama hátt eru sundin milli Grænlands, Íslands og Bretlands fremsta lína í vörnum meginlands Norður-Ameríku.“

Margir fleiri aðilar hafa látið í ljós sömu skoðanir á hernaðarstöðu Íslands í dag, en rökstudd andmæli hafa verið lítil sem engin. Ísland hefur nú á dögum aðra og að ýmsu leyti meiri hernaðarlega þýðingu en áður.

Enda þótt sambúð stórvelda haldi áfram að batna og líkur á heimsófriði að minnka, bendir ekkert til þess, að vígbúnaðarkapphlaupið á hafinu verði stöðvað í náinni framtíð. Er því með öllu óraunhæft, að varnarliðið hverfi frá Íslandi, án þess að eitthvað komi í staðinn. Ef óvopnað eftirlitsflug og annað, sem því fylgir, skiptir nú mestu máli, hljóta Íslendingar að athuga vandlega, hvort þeir geta tekið það hlutverk að sér og þar með rekstur varnarstöðvanna.

Reynist þetta við nánari athugun fært, er ástæða til að ætla, að ríkisstjórnir Íslands muni í fyrirsjáanlegri framtíð jafnan eiga frekari kostnað vól til að tryggja öryggi þjóðarinnar, ef ástand alþjóðamála breytist til hins verra og hætta á ófriði eykst á ný.

Hugsanleg þátttaka Íslendinga.

Meðan hlutverk varnarliðsins var að mestu vopnaburður, kom ekki til mála, að Íslendingar tækju við því. Nú krefst meginhlutverk varnarliðsins, eftirlitsflugið, ekki vopnaburðar. Þess vegna er varpað fram þeirri spurningu, hvort ekki nægi að hafa hér vopnlausu eftirlitsstöð, en Íslendingar taki að sér eftirlitið. Landhelgisgæslan eða annar aðili mundi koma á fót eftirlits- og björgunarsveit, sem gæti fylgst vandlega með öllum siglingum, fiskveiðum og annarri hagnýtingu á auðæfum hafsins, hættum á mengun og öðru, er máli skiptir. Á nokkrum árum mundu Íslendingar taka alveg við rekstri og stjórn varnarliðsstöðvanna. Meðan Atlantshafsbandalagið starfar og Íslendingar eru í því, hlyti þessi starfsemi að verða í nánnum tengslum við það. Í framtíðinni kemst vonandi á afvopnun eða víðtæk takmörkun vopnabúnaðar undir eftirliti Sameinuðu þjóðanna. Ísland gæti gegnt mikilvægu hlutverki í því eftirliti.

Að sjálfsögðu er á þessu stigi fjölmörgum spurningum ósvarað varðandi þetta mál. Hugmyndum þeim, sem fram komu á flokksþingi Alþýðuflokksins, er varpað fram til athugunar og íhugunar. Einmitt nú, þegar boðaðar hafa verið viðræður við Bandaríkjastjórn um varnir landsins í byrjun næsta árs, virðist slík athugun vera tímabær.“